

Hverfisnefnd Naustahverfis

26. fundur haldinn í Naustatjörn þann 27.10.2010 kl. 20:00

Mættir: Bjarni, Anna Sjöfn, Ásdís, Gísli Rúnar og Björk

Dagskrá:

1. Hraðahindranir í Kjarnagötu.

Nokkrir íbúar hafa kvartað yfir hraðahindrunum sem settar voru nú í skólabyrjun í Kjarnagötuna. Þessi gerð af hraðahindrunum er mjög erfið yfirferðar og hefur valdið því að umferðin hefur aukist til muna í öðrum götum eins og Brekatúni og Pílutúni. Meirihluti hverfisnefndarinnar telur ekki þörf á þessum hraðahindrunum þar sem lögun Kjarnagötunnar veldur því að bílar verða að hægja mjög á sér þegar ekið er um hana.

Bjarni hafði samband við Helga hjá framkvæmdanefnd Akureyrarbæjar og lét kvörtun nefndarinnar í ljós. Hraðahindranir standa hins vegar enn og enginn rökstuðningur komið fyrir áframhaldandi þörf á þeim. Málið verður væntanlega tekið upp á aðalfundi.

2. Aðalfundur.

Auglýstur hefur verið aðalfundur hverfisnefndarinnar og verður hann haldinn fimmtudaginn 4. nóvember kl. 20:00 í Naustaskóla.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kostning stjórnar.
3. Fyrirspurnir
4. Önnur mál

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri og Helgi Snæbjarnarson formaður skipulagsnefndar mæta á fundinn. Einnig á að reyna að fá annan fulltrúa frá meirihlutanum og mun Bjarni fylgja því máli eftir.

Allir fulltrúar í stjórn hverfisnefndar fyrir utan Sigurð Svein Ingólfsson gefa kost á sér áfram. Það er því ljóst að á aðalfundinum þarf að kjósa a.m.k. einn nýjan fulltrúa.

Skýrsla stjórnar var ekki klár, en hún verður send stjórnarmönnum í tölvupósti.

Bjarni var búinn að tryggja staðsetningu fundarins í Naustaskóla og ætlar að leita til Ágústar skólastjóra með að stýra fundinum. Þar sem Bjarni þekkir góðan kleinubakara ætlar hann einnig að sjá um að fundarmenn fái kleinur, kaffi og te.

Björk Guðmundsdóttir ritaði fundargerð